



Reykjavík, 19. mars 2024

MSS24030090

Borgarráð

Skýrsla um Vetrarhátíð 2024

Lögð er fram til kynningar skýrsla um Vetrarhátíð 2024, sem haldin var í 24. sinn í Reykjavík dagana 1. – 3. febrúar 2024. Hátt í 200 viðburðir voru á dagskrá hátíðarinnar í ár en sem fyrr samanstóð hún af ljóslistaverkum, Safnanótt og Sundlauganótt.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla um Vetrarhátíð, 1. - 3. febrúar 2024.



Reykjavík



Vetrarhátíð

1-3. febrúar 2024



Reykjavík



Inngangur


Vetrarhátíð var haldin í 24. skiptið dagana 1. – 3. febrúar og fór fram á öllu höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur Vetrarhátíðar er að lífga upp á borgarlífið á dimmustu vetrarmánuðunum með því að tengja saman ólíka menningarlega þætti sem allir tengjast þema hátíðarinnar, ljósi og myrkri.

Vetrarhátíð er skipulögð af viðburðateymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Guðmundur Birgir Halldórsson var verkefnastjóri hátíðarinnar ásamt Aðalheiði Sveinsdóttur og Björgu Jónsdóttur. Hulda Gunnarsdóttir sá um kynningarmál.

Samráðshópur í tengslum við hátíðina var skipaður fulltrúum helstu hagaðila Vetrarhátíðar:

- Nathalia Druzin Halldórsdóttir – fulltrúi Listasafns Reykjavíkur
- Helga Friðriksdóttir – fulltrúi Íþróttaborgarinnar á menningar- og íþróttasviði
- Rebekka Guðmundsdóttir – fulltrúi borgarhönnununar á umhverfis- og skipulagssviði
- Róbert Magnússon – fulltrúi markaðsfélagsins Miðborgin Reykjavík
- Vala Magnúsdóttir – fulltrúi Borgarsögusafnsins
- María Rut Reynisdóttir – fulltrúi Menningarborgarinnar á menningar- og íþróttasviði

Hlutverk samráðshópsins er að starfa með verkefnastjórum að undirbúningi og framkvæmd Vetrarhátíðar, leggja meginlínur og áherslur, koma á samstarfi við lykilhagaðila og samþykkja fjárhagsáætlun.





Vetrarhátíð

Dagskrá Vetrarhátíðar samanstendur af þremur meginstoðum; ljóslistaverkum, Safnanótt og Sundlauganótt. Hátt í 200 viðburðir voru á dagskrá Vetrarhátíðar 2024 og voru þeir öllum aðgengilegir og gjaldfrjálsir.

Undanfarin ár hefur sá hluti Vetrarhátíðar sem snýr að ljóslistaverkum orðið sífellt veigameiri og má segja að Ljósaslóð Vetrarhátíðar bindi hátíðina saman.



01. Ljósaslóð

Ljósaslóð Vetrarhátíðar er vörðuð ljóslistaverkum frá Hallgrímskirkju niður að Ráðhúsi Reykjavíkur. Undanfarin ár hefur sá hluti Vetrarhátíðar sem snýr að ljóslistaverkum orðið sífellt veigameiri og má segja að Ljósaslóð Vetrarhátíðar bindi hátíðina saman.



02. Safnanótt

Söfn og sýningar á öllu höfuðborgarsvæðinu opna dyr sínar og bjóða upp á líflega og fjölbreytta dagskrá. Hægt var að sækja tónleika, taka þátt í ýmsum smiðjum, kíkja í geymslur, fara í ratleiki, sækja fræðsluerindi og fyrirlestra ýmiss konar í bland við hefðbundnar opnanir og leiðsagnir.



03. Sundlauganótt

Sundlaugar á öllu höfuðborgarsvæðinu bjóða frítt í sund eitt kvöld á hátíðinni. Uppákomur í laugunum eru af margvíslegum toga og gestir fá að upplifa einstaka og óvenjulega kvöldstund í mögnuðu myrkri, þar sem gestir eru hvattir til að taka þátt með því að slaka á og njóta stundarinnar.

Ljósaslóð Vetrarhátíðar

Ljósaslóð Vetrarhátíðar var unnin í samstarfi við seyðfirsku ljóshátíðina List í ljósi og innihélt 21 ólík ljóslistaverk eftir fjölda listafólks. Verkin lýstu upp almannarýmið frá Hallgrímskirkju og niður á Lækjartorg, á Hörpu, á Hafnarhúsi, í Grófinni, á Austurvelli og loks á Ráðhúsinu.

Ákveðið var að blása aftur til samkeppni um ný ljóslistaverk á Vetrarhátíð en það hafði verið gert árið áður með góðum árangri (en gott er að halda til haga að slík samkeppni var haldin á fyrstu árum Vetrarhátíðar). Leitað var til Veitna, sem mun veita hátíðinni liðsinni næstu þrjú árin með því að fjármagna samkeppnina með því að leggja til tvær milljónir króna í verðlaunafé ár hvert. Auglýst var eftir verkum í samkeppnina og bárust tíu tillögur. Nefnd skipaðri aðilum frá Listasafni Reykjavíkur, skrifstofu Borgarhönnunar og viðburðateymi Reykjavíkurborgar var falið að fara yfir tillögurnar og velja tvö verðlaunaverk. Sigurverkin voru Glitsteinar eftir Katerina Blahutova og Hringekja eftir Owen Hindley og Þorstein Eyfjörð og voru verkin hluti af Ljósaslóð Vetrarhátíðar. Þessi verk voru einstaklega glæsileg viðbót við hátíðina og gáfu henni aukna dýpt.

Ljóslistaverkið Absorbed by Light var flutt inn frá Hollandi. Listaverkið hefur verið sýnt á fjölda ljóslistahátíða um allan heim og var afar ánægjulegt að fá það til Reykjavíkur





Ljósaslóð Vetrarhátíðar

Í ár var sérstök viðbót við Vetrarhátíð þegar þátttökuljóslistaverkið Absorbed by Light var flutt inn frá Hollandi. Listaverkið hefur verið sýnt á fjölda ljóslistahátíða um allan heim og var afar ánægjulegt að fá það til Reykjavíkur. Verkið, sem er í raunstærð, sýnir þrjár manneskjur sitja hlið við hlið á bekk og stunda hefðbundna snjallsímanotkun: höfuð álút, fingurnir skrifa skilaboð eða fletta á milli síðna og andlitin lýsast upp af símaskjánum. Þrátt fyrir að þau séu líkamlega á staðnum þá er hugur þeirra víðs fjarri. Verkið var staðsett fyrir framan Hegningarhúsið á Skólavörðustíg og vakti mikla athygli. Fjölmargir gestir hátíðarinnar létu taka mynd af sér að upplifa þessa tilfinningu með því að setjast á milli manneskjanna í listaverkinu og rýna í farsíma sína.

Mikill áhugi er á að þróa áfram ljóslistaverkahluta hátíðarinnar en ljósahátíðir (e. Light festival) hafa orðið sífellt vinsælli um allan heim undanfarin ár sem gefur tækifæri til nýsköpunar auk þess sem framfarir í tækni á þessu sviði hafa verið miklar sem gefur enn frekari rými til þróunar. Hátíðir sem þessar lýsa bókstaflega upp skammdegið og draga að sér fjölda gesta, bæði innlenda og erlenda.





Setning Vetrarhátíðar

Setning Vetrarhátíðar fór fram í blíðskaparveðri fyrir framan Hegningarhúsið á Skólavörðustíg. Lúðrasveitin Svanur lék tvö lög. Borgarstjóri, Einar Þorsteinsson, sagði nokkur orð og setti hátíðina með því að kveikja á ljóslistaverkinu Absorbed by Light og fá sér sæti á milli veranna í listaverkinu. Að því loknu var haldið upp á Hallgrímskirkjutorg þar sem Lúðrasveitin Svanur lék verk sem samið var sérstaklega fyrir lúðrasveitina og kirkjuklukkurnar í Hallgrímskirkju. Ljóslistaverkið *The Ice Is Melting At The Poles* prýddi Hallgrímskirkju á meðan á flutningi stóð og var svo hægt að sjá verkið á kirkjunni út hátíðina.





Sundlauganótt

Sundlauganótt fór fram á fyrsta degi Vetrarhátíðar, eða á fimmtudeginum 1. febrúar frá kl. 17.00 – 22.00 og er frítt inn fyrir gesti á þessum degi. Starfsfólk sundlauganna sér um að skipuleggja skemmtilega dagkrá og setja sundlaugarnar í óhefðbundinn búning í tilefni af Vetrarhátíð.

Það hefur hingað til verið hefð fyrir því að Sundlauganótt fari fram á laugardegi Vetrarhátíðar en í samráði við forsvarsfólk sundlauganna var ákveðið að færa hana til fimmtudags í tilraunaskyni. Megin ástæðan var að almennt er erfiðara að manna laugardaga og hefur verið sérstaklega erfitt að manna Sundlauganótt en þá þarf fleira starfsfólk en á venjulegum degi.

Alls tóku 13 sundlaugar þátt í Sundlauganótt, allar sundlaugar Reykjavíkur fyrir utan Klébergslaug auk sundlauga í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Notuðust sundlaugarnar við sameiginlegt útlit Vetrarhátíðar í kynningarefni sínu í því skyni að vekja athygli á Safnanótt og Vetrarhátíð.

Dagskrá sundlauganna var afar fjölbreytt og mismunandi eftir sundlaugum. Til að mynda tóku fastagestir Vesturbæjarlaugar þátt í að skipuleggja viðburði í lauginni. Í Sundhöllinni og sundlauginni í Breiðholti voru fyrirlestrar um sundlaugamenningu, plötusnúðar skemmtu gestum í nokkrum laugum, sundlaugarbingó var í Hafnarfirði, sirkuslistafólk og hljómsveitir skemmtu víða, settar voru upp myndlistarsýningar, boðið var upp á flot og ýmislegt fleira.



Sundlauganótt

Það var einróma niðurstaða fundar sem haldinn var fljótlega í kjölfar Vetrarhátíðar að það hafi verið góð ákvörðun að færa Sundlauganótt. Almennt gekk betur að manna vaktirnar en fyrri ár og skipulag var betra. Aðsókn var meiri en aðra fimmtudaga og gleðin allsráðandi. Einnig var nefnt að með þessu móti væri þátttaka sundlauganna almennt meiri í Vetrarhátíð, þar sem hægt væri að endurtaka viðburði í einhverjum tilfellum eða láta einstakar sýningar vara yfir alla helgina, eins og var raunin í tilfalli Myndlistarskólans í Reykjavík en hópar á hans vegum sýndu í fjórum sundlaugum í Reykjavík.

Kom fram á fundinum að nytsamlegt væri ef viðburðateymið eða einhver á vegum þess gæti verið sundlaugunum innan handar í viðburðaskipulaginu, þar sem forstöðufólk sundlauganna og starfsfólk þeirra hefðu kannski ekki mikla reynslu í viðburðahaldi, til að mynda vinnu í kringum uppsetningu á hljóðkerfum og ljósum. Viðburðateymið ætlar að kanna hvort og þá hvernig væri hægt að verða við því. Óskað var eftir því að samtal við sundlaugarnar myndi hefjast fyrr en var nú í ár, jafnvel strax í haust.





Safnanótt

Safnanótt var haldin föstudaginn 2. febrúar frá kl. 18:00-23:00. Sem fyrr eru áherslur og markmið að söfnin laði til sín nýja gesti samhliða fastagestum.

Alls tóku 39 söfn og sýningar af öllu höfuðborgarsvæðinu þátt í Safnanótt. Allar menningarstofnanir Reykjavíkurborgar sem eru með starfsstöðvar í miðborginni tóku þátt á einn eða annan hátt, auk þess sem Listasafnið var með glæsilega dagskrá á Kjarvalsstöðum og á Ásmundarsafni.

Byrjað var að undirbúa Safnanótt að hausti 2023 og var fyrsti samráðsfundur með aðstandendum safnanna haldinn 25. október. Alls voru haldnir þrjú samráðsfundir fyrir hátíð og einn uppgjörsfundur strax eftir hátíðina. Í aðdraganda voru skiptar skoðanir meðal starfsmanna safnanna á því hvort halda ætti Safnanótt yfirleitt. Þau sem töluðu fyrir því að leggja niður Safnanótt eða slíta hana frá Vetrarhátíð, nefndu meðal annars fjármagnsskort, manneklu, að markaðsskilaboðin væru óljós og að tímasetningin væri erfið með tilliti til óvissu varðandi veður í byrjun febrúar. Ákveðið var að halda Safnanótt til streitu þetta árið, en taka umræðuna mjög fljótlega eftir Vetrarhátíð til að ákveða næstu skref.



Safnanótt

Dagskrá var afar fjölbreytt og mismunandi var hvort viðburðirnir voru tengdir kjarnastarfsemi safnanna eða ekki. Hægt var að sækja tónleika, taka þátt í ýmsum smiðjum, kíkja í geymslur, fara í ratleiki, sækja fræðsluerindi og fyrirlestra ýmiss konar í bland við hefðbundnar opnanir og leiðsagnir.

Veðurspá fyrir 2. febrúar var slæm, gul viðvörðun hafði verið gefin út og voru yfirvöld dugleg að segja fólki að halda sig heima þetta kvöld sem hafði mikil áhrif á mætingu. Var fólk eðlilega vonsvikið, enda fer mikil vinna og fjármagn í að skipuleggja og framkvæma Safnanótt. Þrátt fyrir vont veður lýstu margir góðri mætingu og ekki síst góðri stemningu en fólk dvaldi lengi og tók virkan þátt í þeim viðburðum sem voru í boði.

Sveitarfélögin utan Reykjavíkur telja sig helst vera að tala við sitt heimafolk og segjast ekki fá fólk langt að. Hluti ástæðunnar getur verið að Safnanæturstrætó var ekki starfræktur í ár. Auk þess auglýsa sum sveitarfélögin viðburði í bæjarblöðum og ná þannig helst til heimafolks.

Á uppgjörsfundi þann 13. febrúar var niðurstaðan sú að boða til fundar strax í maí þar sem farið yrði yfir framtíð Safnanætur, markmið hennar og tilgang.



Kynningar- og markaðsmál

Kynningarefni og útlit hátíðarinnar var hannað af Bjarneyju Hinriksdóttur (Baddý) og var ákveðið að láta hana nýtt útlit sem kom mjög vel út. Hannað var fyrir vefinn, samfélagsmiðla, borgarstanda, Billboard og led-skýli á biðstöðvum Strætó. Voru gerðar þrjár tegundir af útliti; Vetrarhátíð, Safnanótt og Sundlauganótt, allt svipað en í mismunandi litum til að aðgreina á milli. Jafnframt hannaði Baddý kort af Ljósaslóð hátíðarinnar sem birt var á vef og samfélagsmiðlum hátíðarinnar og Reykjavíkurborgar en á því var hægt að sjá staðsetningar allra verkanna á slóðinni. Söfn og sundlaugar fengu send til sín skjöl/sniðmát með nýju útliti til að nýta fyrir sitt kynningarefni sem mörg gerðu og kom það vel út á samfélagsmiðlum og dagskrársíðu hátíðarinnar. Prentaðir voru fánar með nýju útliti sem settir voru upp í miðborginni fimm dögum fyrir hátíð.



Kynningar- og markaðsmál

Settir voru inn viðburðapóstar á Facebook og Instagram með nýja útlitinu með upplýsingum um ljóslistaverkin á Ljósaslóðinni og kom það vel út og vakti athygli. Hannað var kort með Ljósaslóðinni og það birt á vefnuna og samfélagsmiðlum.



Vefur og samfélagsmiðlar

Vefumsjón á vef hátíðarinnar var í höndum Védísar Guðmundsdóttur í aðdraganda hátíðarinnar auk þess sem hún var viðburðateyminu innan handará meðan á hátíðinni stóð. Heimsóknir á forsiðu voru flestar yfir hátíðina en um 10.000 heimsóttu vefinn þá daga.


Visits
7.569
+7,135 📈

Page views
9.609
+9,034 📈

Unique visitors
5.914
+5,581 📈

Returning visitors
1.725
+1,621 📈

Bounce rate
28,78%
-28.36 📉



Heimsóknir á forsiðu vef Vetrarhátíðar www.vetrarhatid.is

9.609

Heimsóknir á forsiðu hátíðarinnar

14.667


Heimsóknir á dagskrársíðu hátíðarinnar



Vefur og samfélagsmiðlar

Mest var farið á dagskrárluta síðunnar en hann heimsóttu um 15.000 dagana sem hátíðin stóð yfir. Viðburðahaldarar báru ábyrgð á því að skrá sína viðburði inn í viðburðaskráningarkerfið (Hvirfill) og gekk það vel. Hátt í 200 viðburðir voru skráðir í dagskrá Vetrarhátíðar.

Visits 8.991 +8,853 📈	Page views 14.667 +14,445 📈	Unique visitors 6.415 +6,314 📈	Returning visitors 1.825 +1,780 📈	Bounce rate 71,59% +24,22 📈
------------------------------------	--	---	--	--




Heimsóknir á dagskrársíðu Vetrarhátíðar www.vestrarhatid.is





Vefur og samfélagsmiðlar

Flestar heimsóknir voru inn á dagskrárvef hátíðarinnar í gegnum farsíma (mobile) eða tæplega 70% heimsókna. Þar á eftir voru heimsóknir í gegnum borðtölvu eða um 31 %.



Heimsóknir á dagskrársíðu Vetrarhátíðar www.vetrarhatid.is





Kynningarmál

Kynningarmál gengu almennt vel og var góð umfjöllun um Vetrahátíð í fjölmiðlum. RÚV var með umfjöllun á opunardegi hátíðarinnar þann 1. febrúar, annars vegar var bein útsending í fréttum þar sem tekið var viðtal við verkefnastjóra hátíðarinnar og hins vegar var bein útsending í Kastljósi með viðtali við listrænan stjórnanda Ljósaslóðarinnar. Bæði viðtölin voru tekin í Sundlaug Vesturbæjar. Stöð 2 var einnig með beina útsendingu frá sama stað á opunardegnum og ræddi við verkefnastjóra. Í útvarpi voru viðtöl í síðdegisútvarpinu á Rás 2 og í Bítinu á Bylgjunni. Í Kastljósi á föstudeginum var innslag um Ljósaslóð Vetrahátíðar og viðtal við Sesselju Jónasdóttur, stjórnanda Listar í ljósi á Seyðisfirði, en hún sá um listræna stjórnun á Ljósaslóðinni. Einnig var sérumpfjöllun um ljóslistaverkið Absorbed by Light í Kastljósi eftir að hátíðinni lauk.

Töluverð umfjöllun var í dagblöðum og á vefmiðlum en um 50 greinar voru um Vetrahátíð, Ljósaslóð, Safnanótt og Sundlauganótt. Á forsíðu föstudagsblaðs Morgunblaðsins var mynd af Hallgrímskirkju en hana prýddi eitt af ljóslistaverkum hátíðarinnar.

Auglýsingar voru keyptar á samfélagsmiðlum og samlesnar auglýsingar á RÚV fóru í birtingu á mánudeginum fyrir hátíð. Einnig voru keyptar umhverfisauglýsingar á Billboard, led skýlum og plaköt í borgarstöndum. Þar voru þrjár týpur í birtingu; Vetrahátíð, Sundlauganótt og Safnanótt.

Skjáir í sundlaugum í Reykjavík voru einnig nýttir og voru birtingar með upplýsingum um hátíðina viku fyrir hátíð og fram yfir hátíðina.

Samfélagsmiðlar voru mikið nýttir til að kynna það sem í boði var á hátíðinni. Settar voru inn færslur á þremur samfélagsmiðlum borgarinnar (instagram og facebook); Vetrahátíð, Reykjavíkurborg og Borgin okkar. Ólafur Daði Eggertsson í samskiptateyminu framleiddi þrjú kynningarmyndbönd sem birt voru í vikunni fyrir hátíð. Fyrsta myndbandið var frá Safnahúsinu þar sem Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur sagði frá þeim ólíku gerðum drauga sem finnast á Íslandi, líkt og uppvakningum, afturgöngum, útburðum og fépúkum. Annað myndbandið var um viðburðinn Tölva Völva sem var í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem samspil myndlistar, tónlistar, nýsköpunar og dulspeki kom áhorfendum skemmtilega á óvart. Þriðja myndbandið var um Ljósaslóð Vetrahátíðar og almennt um hátíðina. Myndböndin voru birt á Facebook- og Instagram-síðum Vetrahátíðar og Reykjavíkurborgar.



Samfélagsmiðlar

Efni sem sett var á bæði Facebook- og Instagram-síður hátíðarinnar náði ágætis dreifingu vikuna fyrir hátíð.

Reach


Facebook reach ^①

14,969 ↑ 586.3%



Instagram reach ^①

2,196 ↑ 43.8K%



Heimsóknum á Facebook og Instagram Vetrarhátíðar fjölgaði í aðdraganda hátíðar og má sjá að mest var farið inn á samfélagsmiðlana á meðan á hátíðinni stóð.

Visits

Facebook visits ^①

3,482 ↑ 359.4%



Instagram profile visits ^①

557 ↑ 5.5K%





Fjármál

Heildarkostnaður við Vetrarhátíð 2024 var tæplega 20 milljónir króna en af þeirri upphæð var um 17 milljónum varið í þóknunir til innlends og erlends listafólks, viðburði og tæknimál og þá voru um þrjár milljónir króna sem fóru í markaðs- og kynningarmál.

HljóðX þjónustaði hátíðina í tengslum við öll tæknimál, hljóð og mynd, en auk þess lagði fyrirtækið til eitt ljóslistaverk sem var á Ljósaslóðinni. Samstarfi við seyðfirsku ljóslistahátíðina List í ljósi var framhaldið og er aðstandendum þeirrar hátíðar greitt fyrir að halda utan um allan ljóslistaverkahluta Vetrarhátíðar, það er að sýningarstýra Ljósaslóðinni, semja við og greiða listafólki, sjá til þess að öll tæknimál séu í lagi og framkvæmdin gangi snurðulaust fyrir sig. Mikil samlegðaráhrif eru af þessu samstarfi en hluti verkanna sem sýndur er á Vetrarhátíð er líka sýndur á hátíðinni List í ljósi sem ávallt fer fram á Seyðisfirði helgina eftir Vetrarhátíð.

Inn í fjárhagsáætlun eru styrkir upp á 2 milljónir króna frá Veitum ohf sem runnu beint til listafólks. Þá bættist við árlega áætlun fjármagn sem hafði sparast frá öðru viðburðahaldi á síðasta ári og skýrir það veglega hátíð þetta árið.



Samantekt

Heilt yfir gekk Vetrarhátíð vel og fékk hátíðin mikla og góða umfjöllun í fjölmiðlum. Ljósaslóðin var mjög glæsileg í ár þar sem yfir 20 verk af fjölbreyttum toga prýddu miðborgina, allt frá einföldum myndbandsvörpunum í verslunarglugga upp í stór “leiser”verk og ljósaskúlptúra í raunstærð. Skiptir samstarfið við ljóshátíðina List í ljósi miklu máli en mikilvægt er að hafa listræna stjórnun og yfirsýn á verkefninu.

Samstarfið við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gekk vel og fóru fjölbreyttir viðburðir fram í sundlaugum og söfnum í öllum sveitarfélögunum. Gaman er að Vetrarhátíð fari fram svona víða og fólki sé gefið tækifæri til að taka þátt hvort sem það sækir viðburði í sinni heimabyggð eða kíkí í miðborgina að njóta menningar og lista.

Skiptar skoðanir eru meðal aðstandenda safnanna um hvort Safnanótt eigi enn erindi og hvort þeim tíma og fjármagni sem varið er í Safnanótt sé vel varið. Undanfarin ár hefur veður haft áhrif á mætingu en veður er alltaf stærsti óvissuþátturinn er kemur að viðburðahaldi á Íslandi. Sú hugmynd hefur komið upp að slíta Safnanótt frá Vetrarhátíð og halda hana á öðrum tíma en eins og fyrr ríkir ekki einhugur um það. Nefna má að á fyrsta degi Vetrarhátíðar var veður einstaklega gott og því margt fólk á ferli í miðborginni að skoða ljóslistaverkin. Mikill fjöldi kom á setningu Vetrarhátíðar og Sundlauganótt var vel sótt, en svo var gefin út gul viðvörun fyrir daginn eftir, þannig að óvissan getur verið töluverð. Ákveðið hefur verið að fara í ítarlega naflaskoðun á Safnanótt í vor.

Sundlauganótt var mjög vel sótt og var mikil ánægja meðal forstöðumanna að halda hana á fimmtudegi í stað laugardags. Hefur tilgangur Sundlauganætur breyst frá því að reyna að fá fólk til að sækja sundlaugarnar, en í dag er enginn skortur á sundlaugagestum, í það að skipuleggja skemmtilegt og óhefðbundið kvöld í sundlaugunum bæði fyrir fastagesti og aðra gesti.





Samantekt

Aðstandendur Vetrahátíðar telja að hátíðin eigi mikið inni og mörg tækifæri tengd henni ónýtt, sérstaklega í ljósi þess að vinsældir ljósahátíða víða um heim hafa aukist undanfarin ár. Má nefna að þær fyrirspurnir sem viðburðateymið fær erlendis frá og eru tengdar þeim hátíðum sem það skipuleggur tengjast flestar Vetrahátíð. Fólki finnst áhugavert að Vetrahátíð er sú ljósahátíð sem haldin er í nyrstu höfuðborg í heimi. Til viðbótar má nefna að samstarf á milli ljósahátíða og ljóslistafólks víða um heim hefur aukist en algengt er að vinsæl ljóslistaverk fari á milli hátíða. Í ár var gerð tilraun með að fá til landsins vinsælt verk frá Amsterdam. Gekk það vel og gaf hátíðinni aukna dýpt og er gaman að geta sýnt erlend verk í bland við innlend. Slíkt samkurl getur vakið og aukið áhuga innlendra listamanna á ljóslistaverkum og stutt við grasrótastarf listamanna og nýsköpun.

Kostnaðarsamt er að halda Vetrahátíð og framlag SBB dugir ekki til, svo áfram verður reynt að fá fleiri samstarfsaðila til liðs við hátíðina, en eins og fram hefur komið var undirritaður þriggja ára samstarfssamningur við Veitur fyrir hátíðina í ár. Fyrirtækið leggur til tvær milljónir króna á ári en framlagið skal eyrnamerkt þróun og framleiðslu nýrra ljóslistaverka sem sýnd verða á Vetrahátíð. Jafnframt hafa Veitur sýnt því áhuga að fá að nýta þau verk sem verða til og gefa þeim áframhaldandi líf með því að koma þeim fyrir í Elliðaárdalnum, við Elliðaárstöð, árið eftir. Og hver veit nema ljóslistaverk sem verður til í tengslum við Vetrahátíð verði sent á aðrar hátíðir út í heimi?



Reykjavík